



Gerð skjals: Fundargerð	Kvennaskólinn í Reykjavík	
Dags.: 13.02.2023 kl. 14:30		
Síða 1 af 2		

Tegund fundar Skólanefndarfundur

Fundarstjóri	Stefán Hilmarsson
Fundarritari	Guðný Rún Sigurðardóttir og Kolfinna Jóhannesdóttir
Mætt	Stefán Hilmarsson formaður, Sigyn Blöndal, Sýlvía B. Gústafsdóttir, Diljá Ámundadóttir, Sandra Hlíf Ocares, Birna Imsland fulltrúi foreldra, Þórdís Eyvör Valdimarsdóttir fulltrúi kennara, Ásdís Arnalds aðstoðarskólameistari, Björk Þorgeirsdóttir námstjóri, Kolfinna Jóhannesdóttir skólameistari og Guðný Rún Sigurðardóttir fjármálastjóri

	Fundarefni
1.	<p>Skólastarfið á vorönn</p> <p>Ásdís Arnalds kynnti skóladagatal 2023-2024 og fór síðan yfir nokkra viðburði sem eru á döfinni. Tjarnardagar verða haldnir í næstu viku. Þann 15. mars verður jafnréttisfræðsla fyrir alla nemendur í Uppsölum. Haldið verður opið hús í skólanum 27. mars og skólinn tekur þátt í Mín framtíð 2023 sem fer fram í Laugardalshöll 16.-18. mars, hvoru tveggja eru kynningar fyrir nemendur í 10. bekk grunnskóla. Þá eru tvö Erasmus verkefni í gangi.</p> <p>Björk fór yfir vinnu í tengslum við þróun námsbrauta skólans og áfangaframboð. Hún kynnti einnig erindi og málstofur sem eru á dagskrá Húspings starfsfólks sem haldið verður í næstu viku.</p> <p>Kolfinna greindi frá því að skólinn myndi með ýmsum hætti minnst þess þann 15. febrúar að 100 ár verða þá frá því að Ingibjörg H. Bjarnason tók fyrst íslenskra kvenna sæti á Alþingi. Þá sagði hún frá vinnu skólans í tengslum við mat á áhættu og áfallapóli í samstarfi við Almannavarnir og kynnti jafnframt drög að umhverfis- og loftslagsstefnu skólans.</p>
2.	<p>Fréttir úr félagslífi nemenda</p> <p>Skólameistari, í forföllum fulltrúa nemenda í skólanefnd, fór yfir það helsta sem hefur verið í gangi í félagslífi nemenda. Má þar nefna Gettu betur, Morfis og söngkeppnina Rymju. Framundan eru síðan ýmsir viðburðir, meðal annars árshátíð og sýningar á söngleik. Nemendur taka einnig þátt í að skipuleggja Tjarnardaga.</p>
3.	<p>Fundargerðir kennarafunda</p> <p>Fundargerðir starfsmannafundar 13. janúar og kennarafundar 10. febrúar lagðar fram.</p>
4.	<p>Uppgjör ársins 2022</p> <p>Fjármálastjóri kynnti niðurstöður úr rekstri ársins 2022. Halli var af rekstri sem nemur 22,2 m.kr.</p>

Gerð skjals: Fundargerð	Kvennaskólinn í Reykjavík	
Dags.: 13.02.2023 kl. 14:30		
Síða 2 af 2		

5.	Fjárhagsáætlun 2023 Fjárhagsáætlun fyrir árið 2023 hefur verið send til mennta- og barnamálaráðuneytisins. Fjármálastjóri fór yfir helstu áskoranir.
6.	Starfsmannamál Þrír kennarar létu af störfum um áramót. Tveir kennarar létu af störfum vegna aldurs og einn hvarf til annarra starfa. Tveir kennarar hafa verið ráðnir inn tímabundið á vorönn og tveir kennarar eru í afleysingum hluta af vorönn.
7.	Önnur mál
	Fundi slitið kl. 16:00.